



# Samkomulag er ekki í auglýs milli LN og KÍ vegna grunnskólans og viðræðum hefur verið hætt

**Aðilar hafa hist 17 sinnum!**  
Stjórn, samninganefnd og svæðafor-  
menn Félags grunnskólakennara telja að  
lengra verði ekki komist í bili í við-  
ræðum okkar við launanevnd sveitar-  
félaganna um endurskoðunarákvæðið í  
kjarasamningi aðila. Því miður virðist  
ekki nást samkomulag um til hvaða  
aðgerða eigi að grípa

Aðkoma Ríkissáttasemjara hefur ekki  
breytt því og hafa aðilar hætt viðræðum  
að sinni og ekki hefur verið boðað til  
nýs fundar.

**Kjarapróun**  
Launavísitala opinberra starfsmanna  
hefur hækkað um 11,3% fyrstu 11  
mánuði ársins 2006. Á sama tíma  
hækkuðu laun grunnskólakennara um  
2,5%.

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan  
hafa grunnskólakennarar dregist veru-  
lega aftur úr í launum þegar viðkomandi  
stéttir eru skoðaðar. Ljóst er að þessi  
munur á eftir að aukast verði ekkert að  
gert.

**Kjarasamningur í nóvember  
2004**  
Eins og flestum er í fersku minni gerðu  
LN og KÍ kjarasamning þann 17.  
nóvember 2004 eftir erfiða kjaradeilu og  
lagasetningu frá Alþingi. Félagsmenn FG  
og SÍ samþykktu þennan samning með  
51,2% atkvæða. Þátttaka í atkvæða-  
greiðslunni var 91,9%.



**Efnahagspróun**  
Þegar samningar tókust í nóvember 2004  
var verðbólga 3,8% og hafði ekki farið  
hærra næstu 12 mánuði á undan. Verð-  
bólguþáttur Seðlabankans er 2,5 %  
og í nóvember 2004 leit út fyrir að hún  
gæti jafnvel farið yfir 4%.

Verðbólga hefur verið **6,5% yfir verð-  
bólguþáttinum Seðlabankans** í  
nóvember 2004, fyrir tímabilið frá  
nóvember 2004 til nóvember 2006 og  
4,8 % yfir svartsýnustu spám fyrir sama  
tímabil.

**Til hvaða ráðstafana á að  
grípa?**  
**Launanevnd sveitarfélaga hefur boðið  
0,75% hækkun launa á samnings-  
tímanum.**


Launanevnd sveitarfélaga hefur boðið  
0,75% hækkun 1.1. 2007 ofan á um-  
samda 2,25% hækkun. Það er mat launa-  
nefndar að sú hækkun sé nægileg ráð-  
stöfun vegna efnahags- og kjarapróunar  
frá nóvember 2004.

Þá hefur LN boðið 1,25% hækkun ofan á

umsamda 2,25% hækkun 1.1. 2008 gegn  
því að kjarasamningi verði framlengt til  
31.5. 2008 (eins og mögulegt er skv.  
samningnum).

Það er fráleitt að ætla að 0,75% launa-  
hækkun bæti þá kjaraskerðingu sem  
þróun í efnahags- og kjaramálum hefur  
leitt til frá því að samið var.

Félag grunnskólakennara er þeirrar  
skoðunar að líta eigi meðal annars til  
þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið  
til af aðilum vinnuáráðs og ná  
sáttum við kennara á þeim notum.



\* Byggt á tölum frá kjararannsóknarnefnd, KOS. Hafa ber í huga að í tölum FG, FF og FL eru stjórnendur meðtaldir. Þetta hefur einhver óveruleg áhrif.